

Egilsstaðir 20. Maí 2019

Atvinnu – og menningarmálanefnd Hornafjarðar

Svanur Hallbjörnsson heiti ég og kom að máli við Matthildi sl. viku þar sem ég vildi kanna möguleika á að eignast gömlu vélarnar sem eitt sinn voru á byggðasafninu og hafa verið geymdar í gömlu refahúsi inní Hoffelli undanfarin ár. Húsið er ekki alveg eins og best verður á kosið og eru vélarnar farnar að skemmast verulega.

Á Finnsstöðum rétt fyrir utan Egilsstaði hef ég undanfarin ár byggt upp verkstæði og hef rekið það að fullu sl. 3 ár. Frá maí 1990 hef ég keyrt um sveitir frá Þistilfirði til Öræfa í suðri og gert við fyrir bændur.

Á Finnsstöðum er ég fæddur og alin upp og Sl. 25 ár hafa þar verið gerðir upp gamlir bílar og gamlar vélar, þar sem faðir minn byrjaði á því eftir að búskap var hætt. Svo smátt og smátt hefur bæst í safnið og má segja að það hafi verið gerð upp ein vél á ári undan farin ár. Einnig er orðið til dálítið safn af bílum uppgerðum.

Á næstu 5 árum áforma ég að setja upp safn á Finnsstöðum og væri mikill fengur að fá að geyma þetta gamla safn.

Til gamans set ég hér inn myndir og einnig er hægt að sjá meira um mig á youtube: bifvélavirkinn með sjötta skilningarvitið.

Með fyrirfram þökk

Svanur Hallbjörnsson

Gsm. 895-2196







